

LJÓS2MY05

Búið til: Sat, 27 Apr 2013 00:38:04 GMT

Titill

Listræn myndvinnsla

Skammstöfun

LJÓS2MY05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

ljósmyndun

Viðfangsefni

Listræn myndvinnsla

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist dýpri og sérhæfðari þekkingu á myndvinnslu og geti nýtt hana í öllum færniþáttum bæði tæknilega og listrænt við eigin listsköpun. Skoðaðar verða ljósmyndir ýmissa listamanna og velt fyrir sér hvernig sú vinnsla gæti verið með þeim verkfærum sem við höfum. Nemendur spreyta sig síðan á því að túlka í ljósmyndum og orðum eigin verk og annarra ásamt því að setja upp sýningu með eigin verkum.

Forkröfur

Inngangur að listum

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- því hvernig hægt er að beita myndvinnslu til að skapa listljósmynd
- því hvernig hægt er að móta eigin stíl með myndvinnslu
- samsettum ljósmyndum (photomontage)
- fjölbreyttum orðaforða um myndvinnslu til að afla sér frekari þekkingar
- konsept hugsun
- vinnuumhverfi, hugbúnaði og verklagi
- að geta miðlað skriflega og með listljósmyndum eigin hugmyndum
- mismunandi nálgun listljósmyndara við listsköpun
- að þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- á að meta eigið vinnuframlag

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita skapandi hugsun
- skipuleggja vinnuferli við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu listljósmyndaseríu eftir eigin hugmynd
- tjá sig um eigin sköpun
- nýta sér hugarflæði í hugmyndavinnu
- leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í grunn vinnubrögðum listljósmyndunar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vera skapandi í hugsun
- skapa listljósmyndir
- vera meðvitaður um menningarlegt hlutverk listsköpunar
- fullvinna hugmyndir undir leiðsögn kennara
- tjá sig hiklaust um eigin sköpun við aðra viðmælendur
- skapa eigin verk byggt á eigin listrænum styrk undir leiðsögn kennara
- skilgreina eigin verk
- standa að sýningu þar sem nemandinn miðlar listrænum styrk sínum
- kynna eigin verk og geta brugðist við og tjáð skoðanir sínar um verk annara
- tjá sig hiklaust og taka þátt í samræðum um myndlist við ólíka viðmælendur
- leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra
- þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- meta eigið vinnuframlag.

Námsmat

Í áfanganum er leiðsagnarmat með símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar. Nemendur þurfa einnig að standast mætingarkröfur áfangans.

Skólar

Fyrirmynd